

## **Skrifstofa rektors**

25.9.20/PK

### **Bókfærð mál.**

#### **Breyting á starfsreglum háskólaráðs**

Fyrir fund háskólaráðs 1.10.2020

Lagt er til að 2., 7. og 9. gr. starfsreglna háskólaráðs verði breytt þannig:

#### **2. gr. Skipan háskólaráðs**

Texta undir fyrirsögninni **Fræðsla fyrir nýja fulltrúa í háskólaráði** verði breytt þannig (breyting auðkennd):

Við upphaf annars hvers háskólaárs, þegar nýtt háskólaráð tekur til starfa, er boðið upp á stutt námskeið fyrir nýja fulltrúa í ráðinu þar sem farið er yfir lagaumhverfi og fjármál Háskóla Íslands, starfsreglur háskólaráðs og meginatriði í skipulagi, starfsemi og rekstri skólans. Rektorsskrifstofa hefur umsjón með námskeiðinu.

#### **Skýring:**

Klausan um fræðslu færð í það horf sem mótast hefur á undanförunum árum.

#### **7. gr. Helstu verkefni háskólaráðs**

Texta undir fyrirsögninni **Starfsnefndir háskólaráðs** verði breytt þannig (breyting auðkennd):

Á vegum háskólaráðs og rektors starfa nú eftirtaldar starfsnefndir: Endurskoðunarnefnd, fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd, samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál, skipulagsnefnd háskólasvæðisins og vísindanefnd. Starfsnefndirnar eru ráðgefandi hver á sínu sviði, en fara hvorki með framkvæmda- né ákvörðunarvald, nema sérstaklega sé kveðið á um það í erindisbréfi sem háskólaráð setur.

Háskólaráð skipar jafnframt hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala og kærunefnd í málefnum nemenda.

Rektor er heimilt að skipa starfshópa sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun um einstök málefni og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi.

#### **Skýring:**

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 10. september sl. að skipa endurskoðunarnefnd háskólaráðs sem eina af starfsnefndum ráðsins og er henni því bætt við í upptalningu starfsnefnda ráðsins. Þá er lagt til að tveimur öðrum nefndum verði bætt við til samræmis við ákvæði 7. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 þar sem upp eru taldar starfsnefndir háskólaráðs.

#### **9. gr. Þóknun**

Í stað núverandi texta komi eftirfarandi texti:

“Fulltrúar í háskólaráði, að rektor undanskildum, fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín í háskólaráði og á þess vegum. Þóknunin nemur 15 klst. á mánuði á háskólaárinu, frá 1. júlí til 30. júní, og miðast greiðslan við þóknanataxta Háskóla Íslands. Varafulltrúar í háskólaráði, fá greidda þóknun sem nemur 7,5 klst. fyrir hvern fund sem þeir sækja og er hún greidd tvisvar á ári í lok hvors misseris.

Greitt er sérstaklega fyrir setu í endurskoðunarnefnd háskólaráðs með sama hætti og gildir um aðrar starfsnefndir háskólaráðs.”

### **Skýring:**

Tillagan er lögð fram með það að markmiði að fulltrúar í háskólaráði fái greidda þóknun í samræmi við það hlutverk sem ráðið ber sem æðsta stjórn Háskólans og þá ábyrgð og starf sem felst í að rækja það hlutverk og gæta hagsmuna Háskólans. Starfstími háskólaráðs er tvö ár í senn, frá 1. júlí til 30. júní ári eftir. Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði frá september til júní og þess á milli geta komið til ýmis verkefni og aukafundir sem fulltrúum í ráðinu ber að sinna.

Endurskoðunarnefnd háskólaráðs, sem er ein af starfsnefndum ráðsins, er eðli máls samkvæmt undanskilin og greitt sérstaklega fyrir setu í henni með sama fyrirkomulagi og gildir varðandi aðrar starfsnefndir ráðsins.

Í raun er um að ræða leiðréttingu á þóknun fulltrúa í háskólaráði. Þóknun var/er 7 klst., var lækkuð úr 15 klst. fyrir hvern fund frá 1. jan 2010 og fer aftur í 15 klst.

Þóknunartaxtinn var/er kr. 4.042 (hefur verið óbreyttur frá 2014), er uppreiknaður kr. 5.258.

Þóknanataxti Háskóla Íslands miðast við yfirvinnu skv. launaflokki 090 í launatöflu S 695 í Félagi háskólakennara og er kr. 5.258 skv. S-launatöflu Félags háskólakennara frá 1.4.2020. Tímafjöldinn sem til er lagður miðast þannig við það sem gildi til ársloka 2009, 180 klst. á ári (15 klst. á mánuði) og varamenn 7,5 klst. fyrir hvern setinn fund.

Þetta fyrirkomulag, að greiða fasta mánaðarlega þóknun í stað þess að greiða fyrir hvern setinn fund, einfaldar einnig utanumhald í launadeild.